

Skólanefndarfundur 26.08.2024

Fundur settur 15.00 í fundarherbergi FSH.

Mættir: Hjálmar Bogi Hafliðason, Valgerður Gunnarsdóttir, Halldór Jón Gíslason, Elín Pálmadóttir (fulltrúi kennara), Arna Ýr Arnarsdóttir (ritari), Egill Olgeirsson, Birgitta Bjarney Svavarsdóttir, Hafrún Olgeirsdóttir og Ármann Örn Gunnlaugsson.

Fjarverandi: fulltrúi nemenda (hefur ekki verið skipaður)

Dagskrá:

1. Rekstur 2023 – útkomuspá
2. Drög að ársreikningi 2023
3. Nemendatölur og skólabyrjun
4. Sjúkraliðabréu haust 2024
5. Nýafstaðnar framkvæmdir og framhald
6. Listverk Hríngs í anddyri.
7. Náms- og þróunarstarfsferð starfsmanna vor 2025
8. Önnur mál

1.og 2. Rekstur 2023 – útkomuspá og drög að ársreikningi 2023

Höfuðstóll Framhaldsskólans á Húsavík fyrir árið 2022 nemur halla að upphæð 1.575.077 m.kr.

Drög að ársreikningi 2023 gefur til kynna halla upp á -2.066.199 m.kr.

Neikvæður höfuðstóll sem tekinn er með inn í rekstur fyrir árið 2024 er því 3.641.276 kr.

3. Nemendatölur og skólabyrjun

Vorönn 2024

- a) Fjöldi nemenda eftir töflubreytingar: 127
- b) Fjöldi nýnema: 17 (Þar af beint úr grunnskóla: (beint úr Borgarhólsskóla)
- c) Fjöldi endurinnritaðra: 8
- d) Fjöldi óvirkra útskriftarnema: 3
- e) Ársnemendur eftir töflubreytingar: 81,46
- f) Ársnemendur sem fara í próf: 81,6
- g) Fjöldi P- og U-nemenda: P = 0 U = 0
- h) Fjöldi fjarnema: 26(skráðar einingar: 344 staðnar einingar:268)
- i) Fjöldi nema í gegnum Fjarmenntaskólann = 5 (skráðar einingar:30 staðnar einingar:30)
- j) Fjöldi dreifnema: 28(skráðar einingar: 401 staðnar einingar: 342)

Ársnemendur á haustönn 2024 94,33 ekki verið jafn gott síðan á haustönn 2016

23 nýnemar voru að hefja skólagöngu sína

4. Sjúkraliðabréu haust 2024

Farið verður af stað með námið 14.sept.

Áskilið er að nemendur hafi farið í gegnum raunfærnimat og með a.m.k. 3 ára starfsreynslu.

Farið verður af stað með 2 áfanga þessa önnina.

Kennari verðu Edda Björg Sverrisdóttir

5. Nýafstaðnar framkvæmdir og framhald.

Framkvæmdum á miðrýni FSH er lokið í bili. Komnir eru nýir felliveggir, lýsing, gólf. Nýir sófar fyrir nemendur, pullur í gluggakistur og púðar og teppi.

Áætlaðar framkvæmdir verða vegna brunavarna en bæta á neyðarútgöngum í raungreinastofu og á kaffistofu starfsmanna og vonandi verður hægt að lappa upp á raungreinastofuna á önninni. Það þarf að fara að mála stofnuna að utan.

6. Listaverk Hrings í anddyri

Þorri sonur listamannsins Hrings kom og hreinsaði verkið sem er frá árinu 1972, gerði við það sem hægt var að gera við og bætt verður lista á verkið til að verja það og varðveita.

7.Náms- og þróunarstarfsferð starfsfólks vor 2025

Stefnt er að því að fara til Bandaríkjanna í vor með starfsmannahópinn.

Búið er að skipa ferðanefnd sem hefur hafið störf við val á skólum sem eftirsóknarvert að heimsækja. Þetta verður vikuferð í enda skólaársins og það á að skoða skóla og sækja sér endurmenntun.

8.Önnur mál

- Snjall töflur í stofu 7 og 8.
- Starfsfólk FSH er margoft í námi sem er ánægjulegt.
- Fyrirhugaðar framkvæmdir í kringum FSH. Er það eitthvað áhyggjuefni fyrir skólann? Við teljum svo ekki vera.

Fundi slitið 16:30